



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

Reykjavík, 6. ágúst 2020

RMF18030004

4.4.4

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um raunhæfismat vegna útilistaverks í Vogabyggð - R19010428***

Þann 25. júní lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í borgarráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á fundi borgarráðs 7. febrúar 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram fyrirspurn um raunhæfismat á útilistaverki í Vogabyggð en þá hafði borgarstjórn samþykkt að verkefnið Pálmatré fari í raunhæfismat. Engar fregnir hafa borist af því raunhæfismati og því er óskað eftir upplýsingum um hvernig því framvindur. Einnig hverjir komi að matinu. Hvert er ferlið við framkvæmd raunhæfismats og hvar er borgin stödd í því ferli? Hver annast framkvæmd raunhæfismatsins? Hvað veldur þeim tölum sem orðið hafa á framkvæmd raunhæfismatsins nú þegar meira en ár er liðið frá því ákvörðun um það var tekin í málinu? Hver er áætlaður kostnaður við framkvæmd raunhæfismatsins?

Þann 3. júlí sl. var ofangreind fyrirspurn send menningar- og ferðamálasviði til umsagnar. Ólöf Kristín Sigurðardóttir safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, veitti svör í hjálögðu minnisblaði dagsettu 1. september 2020.

Huld Ingimarsdóttir

staðgengill sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Minnisblað Ólafar Kristínar Sigurðardóttur safnstjóra Listasafns Reykjavíkur



Reykjavík 1. september 2020

***Minnisblað vegna fyrirspurnar í BORGARRÁÐI 25. júní 2020 um raunhæfismat vegna útilistaverksins Pálmatré í Vogabyggð – R19010428***

Borgarráð samþykkti að unnið yrði raunhæfismat vegna listaverksins *Pálmatré* sem vann samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð. Raunhæfismati var vísað til umhverfis- og skipulagssviðs en framkvæmd samkeppni var á höndum Listasafns Reykjavíkur. Hafa skal í huga að efnt var til samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð snemma í framkvæmdaferlinu og var það gert með það að leiðarljósi að hægt yrði að skapa tækifæri til að taka tillit til listaverks snemma í hönnunar- og framkvæmdaferli svæðisins.

Í fyrirspurninni er óskað eftir upplýsingum um framvindu raunhæfismats og hverjir komi að því. Raunhæfismat verður unnið af umhverfis- og skipulagssviði samhliða hönnun Vörputorgs, þar sem listaverkinu er ætlaður staður. Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði mun sú vinna hefjast haustið 2020. Matið verður unnið af óháðum ráðgjöfum ásamt sérfræðingum umhverfis- og skipulagssviðs. Áætlaður kostnaður við raunhæfismatið liggur ekki fyrir.

Ferli raunhæfismats er, eins og fram kemur hér að ofan, hluti af undirbúningsvinnu við svæðið þar sem verkinu er ætlaður staður. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við gerð verksins, þ.m.t. að planta trjám, fylgi frágangi opinna svæða í hverfinu og er hönnun torgsins og uppbygging háð annarri uppbyggingu við torgið og unnin í samráði við lóðaeigendur.

Ekki eru tafir á undirbúningsvinnu eða framkvæmdum í Vogabyggð vegna raunhæfismatsins.

**Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur**